



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2008

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um lagningu raflína í jörð, 315. mál.**

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn samþykkt tillögunnar og telja telja rétt að stefnt skuli að því að þróun í lagningu jarðstrengja hér á landi byggist á hagkvæmnissjónarmiðum og verði með svipuðum hætti og gerist í samkeppnislöndum. Ekki sé tilefni til að krefjast þess að svo komnu máli að allar raflínur skuli lagðar í jörð á kostnað atvinnulífs og fólks í landinu eins og tillagan felur í sér.

Samtök atvinnulífsins telja rétt að halda áfram lagningu jarðstrengja þar sem það er hagkvæmt og framkvæmanlegt en miðað við núverandi aðstæður og fyrirliggjandi tækni er mikilvægara að efla svokallaða byggðalínu til að fyrirtæki út um allt land hafi aðgang að raforku til atvinnuuppbyggingar áður en leitað er leiða til að grafa allar raflínur í jörð með tilheyrandi umhverfisraski og ómældum kostnaði. Bent er á að byggðalínan er víða fullnýtt og fyrir liggur að styrkja þurfi hana til að unnt sé að halda áfram atvinnuuppbyggingu á ákveðnum svæðum.

Fram hefur komið í máli forstjóra Landsnets að ef núverandi raforkukerfi landsins hefði verið byggt upp sem strengjakerfi, þ.e. raflínur grafnar í jörð, þá hefði það kostað um 260 milljarða króna í stað 58 milljarða króna. Flutningskostnaður væri jafnframt allt að þrefaldur á við það sem þekkist í dag. Því er ljóst að samkeppnisstaða Íslands myndi versna verulega, yrði ráðist í framkvæmdir sem þessar miðað við núverandi tækni. Þetta sýnir umfangið á verkefninu en undanfarið hefur verið ráðist í mikla uppbyggingu á flutningskerfi raforku sem hefur að litlu leyti verið afskrifuð því endingartími raflína í lofti er áætlaður 50-60 ár samanborið við 30-35 ára endingu jarðstrengja. Rekstrar- og viðhaldskostnaður jarðstrengja er jafnframt meiri og viðgerðartími lengri og er jafnvel mældur í vikum. Því þyrfti að leggja fleiri rafmagnslínur í jörð til að viðhalda afhendingaröryggi í stað þess að nýta loftlínur. Rekstraröryggi er einnig minna og sveigjanleiki til breytinga er minni.

Samtök atvinnulífsins benda á að fyrir liggur afar brýn uppbygging innviða um land allt og verður að horfa í heild til uppbyggingar samgangna, fjarskipta, mennta- og menningarstofnana, raforkukerfisins og opinberrar þjónustu um landið allt til að tryggja að atvinnulíf og einstaklingar njóti svipaðrar grunnþjónustu og fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í næsta nágrenni þess.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Samtök atvinnulífsins leggja áherslu á að atvinnulífinu séu sköpuð sem best skilyrði um land allt þannig að frumkvæði og kraftur sem í fyrirtækjum og einstaklingum býr fái að njóta sín. Þannig getur atvinnulífið best staðið undir auknum kröfum um velferð og hagvöxt á landinu öllu. Áform um að leggja allt raforkukerfi landsins í jörð munu einungis bitna á öðrum og brýnni framkvæmdum og draga þannig úr samkeppnishæfni atvinnulífs, hagvexti og um leið skapa lakari lífskjör almennings en ella.

Virðingarfyllst,

Vilhjálmur Egilsson,  
framkvæmdastjóri

